



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 29. september

2020

R20090047

Borgarráð

Skógarbær hjúkrunarheimili - tilnefning í stjórn

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipa Ellý Öldu Þorsteinsdóttur í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Skógarbæjar, hjúkrunarheimilis, ásamt því að skipa Heiðu Björgu Hilmisdóttur sem varamann í stjórn. Er þetta í samræmi við breytingar á 3. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar sem staðfest var af sýslumannsembætti þann 18. maí sl. og auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. júní sl. en samkvæmt skipulagsskrá þá skal stjórn stofnunarinnar skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara í stað fimm áður. Í ljósi þess að aðrir stofnaðilar hafa hætt þátttöku í starfi stofnunarinnar skipa í dag stjórn tveir stjórnarmenn sem Reykjavíkurborg hefur tilnefnt og gegna þeir því starfi út þetta kjörtímabil.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Auglýsing um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Skógarbær, dags. 18. maí 2020, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 4. júní 2020.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ, nr. 305/1999.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera það sama og kjörtímabil sveitarstjórnar, fjögur ár, en miðast við 1. september þannig að ný stjórn taki við 1. september sama ár og sveitarstjórnarkosningar fara fram. Stofnaðilinn, Reykjavíkurborg, tilnefni alla stjórnarmenn og varamenn þeirra. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum en ef atkvæði falla jöfn skal atkvæði formanns stjórnar ráða úrslitum.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar, annast framkvæmdir og ræður starfslið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur. Árlega skal gera reikninga sjálfseignarstofnunarinnar skv. góðum reikningsskilavenjum.

Stjórnin ákveður hvernig vistun skuli háttað og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

4. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnaðilinn, Reykjavíkurborg, tilefni fjóra fulltrúa og jafnmarga til vara til setu í fulltrúaráði. Fulltrúar skulu valdir til fjögurra ára í senn og skal kjörtímabil þeirra vera það sama og kveðið er á um í ákvæði 1. mgr. 3. gr. skipulagsskrár þessarar. Komi nýr stofnaðili að stofnuninni skal hann hafa rétt til þess að tilnefna einn fulltrúa og annan til vara til setu í fulltrúaráðinu. Í fulltrúaráðinu skulu jafnframt eiga sæti stjórnarmenn sem tilnefndir eru skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar. Formaður stjórnar stofnunarinnar er jafnframt formaður fulltrúaráðsins og aðrir stjórnarmenn mynda með honum stjórn þess. Fundir fulltrúaráðs skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á ári og sérstaklega skal getið í fundarboði hvort um aðalfund sé að ræða, þar sem fram eru lagðir ársreikningar og árs-skýrslur. Aukafundir í fulltrúaráðinu skulu boðaðir þegar stjórn stofnunarinnar ákveður. Fundir fulltrúaráðsins skal boða með viku fyrirvara með ábyrgðarbréfi, tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt. Fundurinn er lögmetur ef löglega er til hans boðað.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

- a) Að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og stofnenda.
- b) Að kjósa tvo endurskoðendur.
- c) Að setja stofnuninni þær reglur sem þörf krefur.

Komi til atkvæðagreiðslu á fundum fulltrúaráðsins skal einfaldur meirihluta atkvæða ráða úrslitum. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði formanns fulltrúaráðsins ráða úrslitum.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. maí 2020,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.